

Skipulagsstofnun
Sigurður Ábjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 12. janúar 2018
UST201712-156/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka við Eyri. Tillaga að matsáætlun.
Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2017 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur nokkurs ósamræmis gæta varðandi umfjöllun um efnistöku annars vegar og frágang hins vegar. Um efnistöku segir að unnt verði að grafa djúpar gryfjur á efnistökusvæðinu og draga með þeim hætti úr röskun á botndýralífi, hins vegar segir um frágang að mótað verði landslag á efnistökusvæðinu og líklegast þarf þá að raska talsvert stóru svæði á botninum og því lífríki sem þar er að finna ef jafna á út djúpar gryfjur. Því telur stofnuin að gera ætti ráð fyrir raski á botndýralífi á mun stærra svæði en sem nemur sjálfu efnistökusvæðinu.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnu að í tillögunni sé gerð góð grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur